

AUGLÝSING**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á saltaðri síld framleiddri á haustvertíð 1980.**

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á saltaðri síld framleiddri á haustvertíð 1980:

	U.S. \$ pr. tunnu cif.
Cutsíld A	149.50
Cutsíld B	134.50
Specialsíld A	141.68
Specialsíld B	122.91
Sykursíld A	161.15
Sykursíld B	143.23
Kryddsíld A	163.54
Kryddsíld B	143.00
Rúndsíld C	101.00
Edíksíld	177.81

Verðbil verður 2%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðið miðast við cif. og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. desember 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1980.**

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1980:

Fiskmjöl, \$ 8.35 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 65% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

Verðið miðast við cif. og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. desember 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.